

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

16. mars 2017

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um orkuskipti, þingskjal 205, 146. mál.

Samkvæmt tillögunni ályktar Alþingi að fela ferðamála-, iðnaðar- og viðskiptaráðherra að vinna að orkuskiptum með því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og auka hlutdeild endurnýjanlegra orkugjafa sem hafi í för með sér orkusparnað, aukið orkuöryggi, gjaldeyrissparnað, minni staðbundna mengun og minni losun gróðurhúsalofttegunda. Með orkuskiptunum verði enn fremur stuðlað að aukinni nýsköpun og nýrri atvinnustarfsemi sem byggist á sjálfbærri þróun.

Samorka og orku- og veitufyrirtækin tilbúin til samstarfs

Það er Samorku mikil ánægja að lýsa yfir stuðningi við ofangreind markmið, sem og málið í heild sinni. Líkt og fram kemur í inngangsorðum athugasemda með tillögunni hefur Ísland á undanförunum áratugum náð einstökum árangri í orkuskiptum með notkun endurnýjanlegra orkugjafa fyrir húshitun og raforkuframleiðslu í landinu, sem byggir á notkun endurnýjanlegra orkugjafa. Það er mikilvægt að halda til haga þeim einstaka árangri á heimsvísu, sem hitaveituvæðing Íslands var og er. Þá er rétt að benda á að orku og veitufyrirtækin eru þegar byrjuð að leggja sitt af mörkum til orkuskipta, m.a með uppbyggingu hraðhleðslustöðva og annarra innviða, notkun raf- og metanbíla í eigin rekstri og þátttöku í framleiðslu innlends endurnýjanlegs eldsneytis.

Stóra viðfangsefni mannkyns á sviði loftslagsmála er sem fyrr að draga úr brennslu jarðefnaeldsneyta og á Íslandi er því að finna stór sóknarfæri á sviði orkuskipta í samgöngum og haftengdri starfsemi. Með þingsályktunartillögu þessari eru stigin mörg mikilvæg skref til að nýta þessi sóknarfæri, og lýsir Samorka sig tilbúin til samstarfs við stjórnvöld um undirbúning og framkvæmd málsins.

Eftirfylgjandi eru nokkrar ábendingar samtakanna um þingsályktunartillöguna.

Áhersla á innlent og umhverfisvænt eldsneyti

Í greinagerð þingsályktunartillögunnar kemur fram það mikilvægi og þeir möguleikar sem felast í framleiðslu innlends og umhverfisvæns eldsneytis: „Ávinningur er sömuleiðis fólgin í því að byggja upp nýja atvinnugrein; innlendan umhverfisvænan eldsneytisiðnað, sem hefur í för með sér fjölgun starfa með tilheyrandi margfeldisáhrifum. Hér er um iðnað að ræða sem gæti annað innlendri eftirspurn og

mögulega verið ný útflutningssafurð. Til viðbótar við framangreint er þjóðhagslegur ávinningur fólgin í því að spara gjaldeyri með innlendri orkunýtingu sem annars færi í kaup á innfluttu jarðefnaeldsneyti.“ Samorka tekur heils hugar undir þessar áherslur og ítrekar að framtíðarmöguleikarnir sem felast í slíkri framleiðslu eru miklir og raunhæfir enda er Ísland þegar búið að ná umtalsverðum árangri í þessum efnum. Hér gegnir innlend orkuframleiðsla lykilhlutverki auk þess sem mörg tækifæri liggja í fjölnýtingu jarðvarma til umhverfisvænnar eldsneytisframleiðslu.

Í greinagerð þingsályktunartillögunnar kemur einnig eftirfarandi fram um framleiðslu innlands endurnýjanlegs eldsneytis: „Með aukinni innlendri orkuvinnslu til samgangna eykst orkuöryggi þar sem ekki þarf að kaupa eldsneyti af heimsörkuðum og flytja hingað til lands og er margvíslegur ávinningur fólgin í því. Þær tegundir eldsneytis sem framleiddar eru á Íslandi eru metan, lífdísilolía og metanól. Metan er unnið úr sorpi, lífdísilolía úr notaðri steikingarfeiti, sláturúrgangi og repjufræjum og metanól er unnið úr raforku og koltvísýringsútblæstri frá jarðhitavirkjuninni í Svartsengi. Enn fremur hefur vetni til eldsneytisnotkunar verið framleitt héraðs í tilraunaskyni.“ Samorka vill benda á að orku- og veitufyrirtækin eru þegar að leggja sitt að mörkum til umhverfisvænnar eldsneytisframleiðslu, m.a með aðkomu að framleiðslu á metani, metanóli, lífdísil og vetni, bæði beint og í samstarfi við aðra aðila.

Í greinagerðinni er auk þess fjallað um starfsumhverfi slíkrar framleiðslu: „Íslensku fyrirtækin sem framleiða endurnýjanlegt eldsneyti eru ýmist sprotafyrirtæki og/eða fyrirtæki sem stunda nýsköpun og eru að sækja á nýjar slóðir. Það skiptir sköpum að búa þessum fyrirtækjum stöðugt og skýrt rekstrarumhverfi til þess að hinn nýi iðnaður nái sér á strik og verði öllu þjóðarúinu til hagsbóta.“ Samtökin taka undir ofangreindan málflutning og sakna þess að hann endurspeglar ekki nægilega vel í aðgerðaáætluninni sjálfri. Það er tillaga samtakanna að það verði skoðað.

Nauðsynleg einföldun regluverks uppbyggingar innviða raforkukerfisins

Uppbygging innviða fyrir orkuskipti í samgöngum um allt land er augljóslega háð því að hægt sé að þróa og styrkja dreifingar- og flutningskerfi raforku. Brýnt er að fram fari ítarleg skoðun á starfsumhverfi slíkra framkvæmda, eins og þau tengjast komandi orkuskiptum. Þar þarf að hafa að leiðarljósi að einfalda ferla, stytta kærufresti og draga úr siendurtekinni lögbundinni aðkomu sömu umsagnaraðilanna. Tekið skal fram að með þessu er ekki verið að leggja til að slegið verði af efnislegum kröfum né eðlilegum tækifærum til lýðræðislegrar aðkomu að ákvörðunum á þessu sviði. Í þingsályktunartillögu þessari mætti fjalla sterkar um þennan mikilvæga þátt komandi orkuskipta.

Metnaðarfullt framlag mikilvægt

Í aðgerð C.4 er það boðað að starfsemi Orkusjóðs verði eflað svo að „hann styðji enn frekar við orkuskipti á öllum sviðum, á láði og legi. Stuðningur verði aukinn við fjárfestingar innviði og rannsóknir fyrir orkuskipti“. Samorka tekur heils hugar undir mikilvægi þessa, en benda á að í aðgerð B.1 er boðað 67 m.kr. árlegt framlag til uppbyggingar innviða fyrir rafmagnsbifreiðar. Samtökin fagna öllum fjármunum sem lagðir eru í orkuskiptin, en vilja hvetja til að farið verði hraðar og með meiri myndarbrag í þetta mikilvæga verkefni. Samtökin leggja áherslu á að ef ná á fram öllum markmiðum aðgerðaáætlunarinnar þá þurfi að koma til mun hærra framlag, til uppbyggingar innviða fyrir rafmagnsbifreiðar. Þá tekur Samorka undir mikilvægi ívilnana og hvata í orkuskiptum en leggur áherslu á að það séu jákvæðir hvatar, svo sem í formi styrkja, afsláttar eða niðurfellinga gjalda.

Samorka vill þó einnig fagna áherslu sem lögð er á uppbyggingu innviða í aðgerðaáætluninni, t.d aðgerð B.3 þar sem boðaður er starfshópur sem leggja skuli til almennar aðgerðir sem stuðla að uppbyggingu innviða fyrir vistvænar bifreiðar við heimili og vinnustaði. Samtökin vilja um leið benda á mikilvægi þess að byggingarreglugerð tryggi að í nýbyggingum sé hugað að möguleikum rafbílaeigenda til að hlaða bíla sína. Nú stendur yfir mikil uppbygging húsnæðis í landinu og því mikilvægt að þetta sé lagfært án tafar.

Ríkið til fyrirmyndar

Í lið C.1 er kallað eftir því að gefin verði út samgöngustefna fyrir Stjórnarráðið og undirstofnanir, og er þar sett markmiðið að 20% allra bifreiða í eigu opinberra aðila verði vistvæn fyrir 2020. Samorka leggur til að tekin verði hraðari og stærri skref þarna og að ríkið verði fyrirmynd í þessu máli. Þannig mætti t.d sjá fyrir sér kröfu um 40% fyrir 2020 og 100% fyrir 2030.

A sama hátt þá mætti sjá fyrir sér metnaðarfullri markmið í aðgerð C.2, að þar verði einnig markmið um hlutfall vistvænna bifreiða, á sama hátt og fyrir ríkið.

Fjölgun hreinorkubifreiða

Í aðgerð A.2 er tiltekið að endurgreiðsla virðisaukaskatts af hreinorkubifreiðum skuli gilda fyrir fyrstu 5.000-12.500 rafmagnsbifreiðarnar og fyrstu 5.000-12.500 vetnisbifreiðarnar sem teknar eru í notkun. Þetta jafngildir ekki nema 3,5-9,0% bifreiðaflota landsins um þessar mundir. Að mati Samorku þarf aðkoma ríkisins á þennan hátt að vera betur í takt við heildarmarkmið um orkuskipti í samgöngum. Auk þess þarf að liggja fyrir skýr framtíðarsýn lengur en til ársins 2020, til að auðvelda ákvarðanatöku og langtímaáætlanir fjárfesta.

Í greinagerð þingsályktunartillögunnar segir um áhrif ferðaþjónustunnar og þá sérlega bílaleiga, á komandi orkuskipti: „Sérstaklega þarf að gæta að áhrifum innkaupa bílaleiga, en aukinn fjöldi ferðamanna hefur kallað á fleiri bílaleigubíla hér á landi. Áætlað hefur verið að fjöldi bílaleigubíla í notkun sumarið 2015 hafi verið um 15.400 og eru það 6,8% af öllum fólksbílum. Sambærilegt hlutfall árið 2006 var 2,4%. Bílaleigurnar selja svo notaðar bifreiðar til almennings. Því er val þessara fyrirtækja á ökutækjum mjög ráðandi fyrir samsetningu bifreiðaflota landsins.“

Í ljósi þessa vill Samorka leggja til að unnið sé með bílaeigum að hækkun hlutfalls hreinorkubíla bílaleiga, með tilheyrandi áhrifum vegna áframsölu bifreiða í þeirra eigu.

Að síðustu vill Samorka ítreka stuðning sinn í þessu mikilvæga máli sem orkuskipti eru. Orkuskiptin eru á dagskrá núna, og orku- og veitufyrirtækin eru tilbúin til samstarfs

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Páll Erland
framkvæmdastjóri